

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 284.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 600.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 660.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 162.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 135.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 44 10. janúar 1977.

Samgönguráðuneytið, 24. febrúar 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ**um grásleppuveiðar.****1. gr.**

Allar grásleppuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar, nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Leyfi til grásleppuveiða skulu bundin við bát 12 brúttórúmmlestir og minni. Heimilt er þó að veita aðilum leyfi til grásleppuveiða á bátum stærri en 12 brúttórúmmlestir, enda hafi þeir fengið slík leyfi á þá báta 1977 og stundað grásleppuveiðar það ár.

Leyfi til grásleppuveiða eða úthlutun þeirra getur ráðuneytið bundið þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

3. gr.

Óheimilt er án leyfis ráðuneytisins að nota við veiðarnar annan bát en þann, sem leyfið er bundið við, t. d. til flutnings á afla.

4. gr.

Leyfi til grásleppuveiða skulu bundin við tilgreint veiðisvæði og veiðitímabil. Veiðisvæðin og veiðitímabilin eru þessi:

- A. Fyrir Suður- og Vesturlandi, frá línu réttvísandi suður frá Hvítungum að línu réttvísandi norður frá Horni er veiðitímabilið frá 18. apríl til 17. júlí.
- B. Fyrir Norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá er veiðitímabilið 1. apríl til 30. júní.
- C. Fyrir Norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi er veiðitímabilið frá 10. mars til 8. júní.
- D. Fyrir Austurlandi frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi suður frá Hvítungum er veiðitímabilið frá 20. mars til 18. júní.

Óheimilt er að leggja grásleppunet fyrir upphaf veiðitímabils og ávallt skulu öll net dregin úr sjó fyrir lok veiðitímabils.

Ráðuneytinu er heimilt í veiðileyfi að takmarka veiðisvæði og veiðitíma enn frekar en gert er í reglugerð þessari.

Ráðuneytinu er heimilt í veiðileyfum báta frá ákvæðnum byggðarlögum, að víkja frá ofangreindum ákvæðum um veiðitíma eða veiðisvæði, ef sérstakar ástæður þykja til vegna veiða þeirra undanfarin ár.

5. gr.

Öll grásleppuhrogn skulu söltuð í vinnslustöð í landi, sem viðurkennd hefur verið af Framleiðslueftirliti sjávarafurða. Öll söltun á grásleppuhrognum um borð í bátum er óheimil.

6. gr.

Bátum, sem grásleppuveiðar stunda er óheimilt að stunda jafnframt þorsk-fiskveiðar í net.

7. gr.

Sé aðeins einn maður á bátnum er óheimilt að eiga fleiri en 40 net í sjó.

Sé áhöfn tveir menn skulu net ekki fleiri en 80.

Sé áhöfn þrír menn skulu net ekki fleiri en 120.

Aldrei er heimilt að eiga fleiri en 150 net í sjó.

Takmörkun þessi á netafjölda í sjó miðast við 120 faðma slöngu.

8. gr.

Allir þeir, sem grásleppuveiðar stunda, skulu eigi síðar en hálfum mánuði eftir að þeir hætta veiðum, senda skýrslur um veiðarnar til Fiskifélags Íslands á þar til gerðum veiðiskýrslum.

9. gr.

Lágmarksmöskvastærð grásleppuneta skal vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistíka $10\frac{1}{2}$ þumlungs (266.7 mm) breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 66 24. janúar 1977, um grásleppuveiðar ásamt síðari breytingum nr. 135 2. mars 1977.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. febrúar 1978.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Jón B. Jónasson.